

Skólaráðsfundur 30. október

Mættir: Lóa Björg Gestsdóttir (HSK), María Óladóttir (HSK), Elísa Sól Traustadóttir (nemendaráð HSK), Erna (nemendaráð HSK), Sigrún Gróa Magnúsdóttir (Foreldrafélag), Svanur Árnason (Foreldrafélag), Ragnheiður Garðarsdóttir (kennari), Margrét Eðvaldsdóttir (Starfsmaður), Klemenz Sæmundsson (Samfélagið)

1. Starfsáætlun

a. Skólaráð fékk starfsáætlun senda og kom ein ábending

- i. Ábendingin snýr að aðkomu við skólann við Heiðarból. Foreldrar eru ítrekað beðnir um að nýta hringtorgið ef nemendur eru keyrðir í skólann.

Lóa fer yfir að skólinn hefur ítrekað sent tölvupóst á foreldra þessa efnis, haldið fundi með umhverfissviði og ýmislegt fleira. Fulltrúar frá foreldrafélaginu hafa staðið við Heiðarbólið og beðið foreldra að nýta hringtorgið.

Rætt um að skólastjórnendur prófi að vera við götuna og biðja foreldra að nýta hringtorgið.

2. Starfsáætlun samþykkt

3. Skólalífið

a. Lóa fór yfir hvað við höfum verið að gera í haust og hvernig hefur gengið.

- i. Heilsu- og forvarndagar sem gengu vel
- ii. Námsferð starfsfólks til Den Haag í Hollandi
- iii. Gjafir og styrkir
 1. Foreldrafélagið gaf bolta, bæði körfubolta og fótbolta
 2. BLUE car gaf styrk fyrir námsúræðin okkar
 3. Soroptismafélagið styrkir skólann í nafni Önnu Pálu Árnadóttur
 4. Háttvísisdagur framundan

4. Áskoranir

- a. Samfélagsmiðlar og breytingar í samfélaginu
- b. Ofbeldi – orðum og gjörðum
- c. Plássleysi, verið að nýta hvern einasta krók og kima. Tónlistarskólinn sem betur fer kominn inn aftur. Mikilvægt að fá lagfæringar á skólanum á næstu árum.

5. Styrkleikar

- a. Sterkur grunnur ,
- b. Mikill mannauður – lausnamiðuð.
- c. Samstillt. Frábær kennarahópur og nemendur
- d. Sterk sýn um hvernig við viljum vera eftir 5 ár

6. Önnur mál

- a. Símalaus skóli, beðið eftir hvort það verði sett lög um það. Hafa þó ekki verið nein slæm vandamál tengd sínum.
- b. Foreldrar ekki með mikil afskipti af börnunum sínum. Ekki margir sem mættu t.d. á fyrirlestur Þorgríms Þráinssonar sem FFH hélt í byrjun október.
- c. Haldnir verða líðan fundir í nóvember og desember